

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 334/2011

2012/EES/12/46

frá 7. apríl 2011

## um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 frá 4. mars 2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2320/2002 <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Takmarkanir á heimiluðum vökva, úðaefnum og geli farþega, sem koma með flugi frá þriðju löndum og hafa flugskipti á flugvöllum í Evrópusambandinu, skapa vissa rekstrarerfiðleika á þessum flugvöllum og valda viðkomandi farþegum óþægindum.
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 358/2010 frá 23. apríl 2010 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 frá 4. mars 2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd <sup>(2)</sup> er kveðið á um undanþágur sem heimila farþegum að hafa meðferðis vökva, úðaefni og gel sem keypt eru á tilteknum flugvöllum í þriðju löndum. Þessar undanþágur falla úr gildi 29. apríl 2011.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. apríl 2011.

- 3) Þessar undanþágur hafa auðveldað rekstur og aukið þægindi flugskiptafarþega, sem koma með flugi frá þriðju löndum og hafa meðferðis vökva, úðaefni og gel, að hafa flugskipti á flugvöllum í Evrópusambandinu án þess að dregið hafi úr öflugri flugvernd. Þessum undanþágum skal viðhaldið, að því tilskildu að skilyrðin fyrir því að þær voru veittar séu áfram uppfyllt á þessum flugvöllum í þriðju löndum.
- 4) Því ber að breyta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010 frá 4. mars 2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd <sup>(3)</sup> til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningsflugi sem skipuð var með 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel Barroso

*forseti.*

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 94, 8.4.2011, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2011 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, (biður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 105, 27.4.2010, bls. 12.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 55, 5.3.2010, bls. 1.

*VIÐAUKI*

Í stað g-liðar í lið 4.1.3.4 í 4. kafla viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 komi eftirfarandi:

„g) er keypt á flugvelli, sem staðsettur er í þriðja landi, sem skráð er í fylgiskjali 4-D, að því tilskildu að vökvannum, úðæfninu eða gelinu sé pakkað í poka með innsigli, sem sýnir hvort átt hafi verið við hann, sem veitir fullnægjandi sönnun þess efnis að vökvinn, úðæfnið eða gelið hafi verið keypt á flugsvæði viðkomandi flugvallar innan 36 klukkustunda. Undanþágurnar, sem kveðið er á um í þessum lið, falla úr gildi 29. apríl 2013.“

---